



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 93

Friðrik Ágúst Jóhannesson
og
Ísafold Jónsdóttir

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 93

Friðrik Ágúst Jóhannesson

verksmiðjustjóri

og

Ísafold Jónsdóttir

meistari í kvenhattaiðn

Blönduhlíð 17, Reykjavík

Formáli

(Friðrik) Ágúst Jóhannesson var fæddur 19. ágúst 1893. Foreldrar hans voru þau Sólveig Björnsdóttir og Jóhannes Þórðarson. Ágúst kvæntist, 5. júlí 1945, Ísafold Jónsdóttur, fædd 5. nóvember 1902 á Miðfelli í Þingvallasveit, meistara í kvenhattaiðn.

Ágúst nam bakaraiðn í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í Danmörku þar sem hann kynnti sér sérstaklega rekstur kexverksmiðja. Árið 1923 stofnaði hann kexverksmiðjuna „Fón“ sem var fyrsta kexgerð á Íslandi. Framleiðslan var lítil í fyrstu en fór vaxandi fram til ársins 1926 er verkssmiðjunni var breytt í hlutafélagið Frón. Í félagsstjórninni voru þeir Ágúst Jóhannesson, Jón Laxdal og Eggert Kristjánsson, en framkæmdastjóri var Hjörtur Ingpórsson. Verksmiðjan var fyrst húsa á Njálsgötu 10, en síðan á Laufásvegi 13 (Betaníu) til 1931. Árið 1932 flutti hún að Grettisgötu 16-18 og síðan í eigið húsnæði við Skúlagötu 28 árið 1936. Ágúst var verksmiðjustjóri alla tíð þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Ágúst hafði mikinn áhuga á íþróttum. Í Danmörku lagði hann stund á sund, dýfingar, grísk- rómversk fangbrögð og frjálsar íþróttir. Eftir að hann kom heim starfaði hann mikið með Glímufélagi Ármanns og var formaður þess 1920-1921. Hann vann einnig mikið með ÍR einkanlega að stofnun skíðadeilar þeirra 1938, studdi kaup félagsins á Kolviðarhólsjörðinni og átti sæti í fyrstu stjórn Kolviðarhóls. Hann var áhugamaður um trjárækt og lagði sig fram um að koma upp skógrækt við Kolviðarhól. Ágúst bar gullorðu félagsins og fékk gullskíðið 1963 fyrstur manna.

Ágúst Jóhannesson andaðist 18. desember 1980.

(Heimildir: *Dagblaðið*, 23. desember 1980, bls. 20. *Morgunblaðið*, 2. október 1926. Grein tekin úr *Tímariti iðnaðarmanna* 1. tbl. 1933, bls. 7. *Morgunblaðið* 30. apríl 1933, bls. 29. *Morgunblaðið*, 2. júlí 1937, bls. 4-5. <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/>)

Ísafold Jónsdóttir var fædd 5. nóvember 1902 á Miðfelli í Þingvallasveit.

Foreldrar hennar voru þau Jóhanna Hannesdóttir og Jón Þorsteinsson. Ísafold flutti með móður sinni til Reykjavíkur 1907. Ísafold giftist, 5. júlí 1945, Ágústi Jóhannessyni en hann lést 1980.

Ísafold gekk í Miðbæjarskólann, fór í hússtjórnarnám í Kvennaskólanum í Reykjavík og vann á Hótel Skjaldbreið við matreiðslu og kökugerð (konditori). Til Danmerkur fór Ísafold 1929 til að læra hatta- og skermasam, sem þá var þriggja ára nám og kom heim á sumrin til að vinna fyrir námi. Hún fékk sveinsbréf 21. nóvember 1934 og

meistarabréf 12. október 1937 og vann við kvenhattagerð á eigin vinnustofu í Reykjavík. Þegar heim kom stofnaði hún hattaverslun í félagi við frú Smith og síðar sína eigin: *Hattabúð Ísafoldar*- Austurstræti 14; sem hún seldi 1951. Ísafold Jónsdóttir andaðist 20. september 1995. (Heimild: *Morgunblaðið*, 30. september 1995).

Afhending: Helgi M. Sigurðsson, Árbæjarsafni og Elín Hannam afhentu skjölin í júní 1996 og 1998. Skjölin eru úr fórum Elínar Hannam. Þetta eru ýmis skjöl hjónanna Friðriks Ágústar Jóhannessonar forstjóra Kexverksmiðjunnar Frón og Ísafoldar Jónsdóttur kvenhattameistara. Viðbótarskjöl voru send Borgarskjalasafni í júní 1996 af Helga M. Sigurðssyni Árbæjarsafni, en þangað höfðu þau borist. Árið 1998 gaf Elín Hannam safninu skjöl til viðbótar þeim sem fyrir voru og þau eru í öskju nr. 2. Innihald: Bréf, áfengisbók, aðgöngumiðar, dagskrár, stofnsamningur Kexverksmiðjunnar Frón, boðskort, kvaðning til starfs við almennar loftvarnir í Reykjavík, dagbók, skírteini o.fl.
Tímabil: 1906-1983.
Magn: 2 öskjur.

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Áfengisbók karla frá 1941.

Kvaðning til starfs við almennar loftvarnir í Reykjavík frá 1941.

Yfirfataseðill frá 1949, skömmunarseðill fyrir föt.

Skírteini Bakarafélags Íslands (sennilega frá 1911).

Bréf og fylgiskjöl ca. 1914-1930 og 1972.

Aðgöngumiði á kvöldskemmtun Félags Litklæðamanna, bæklingur frá Nýársklúbbnum.

Matur og Drykkur. Alþjóðlegar reglur um mataræði fyrir HEILBRIGÐA MENN OG SJÚKA frá 1906.

Vesturfara- túlkur. Enskunámsbók fyrir almenning frá 1890.

Soffiubúð Austurstræti, dagbók 1934.

Dagskrá Lýðveldisstofnunarinnar á Þingvöllum 1944.

Sýningarskrár, dagskrár og boðskort 1974-1990 o.fl.

Askja 2

Örk 1

Stofnsamningur kexverksmiðjunnar Frón hf., 12. júní 1926, frumrit og afrit.

Bréf til stjórnar kexverksmiðjunnar Frón, óundirritað, 9. mars 1929.

Bréf stjórnar kexverksmiðjunnar Frón til Ágústar Jóhannessonar, vegna ráðningarmála, 11. mars 1929.

Bréf til stjórnar kexverksmiðjunnar Frón frá Ágústi Jóhannessyni, vegna ráðningarmála, 23. mars 1929, afrit.

Samningur Ágústs Jóhannessonar og stjórnar kexverksmiðjunnar Frón, 30. mars 1929.

Örk 2

Sveinsbréf Ísafoldar Jónsdóttur frá 21. nóvember 1934, þar sem hún er lýst útlærður Kvenhattari.

Norrænt ferðaskírteini- Ísland, Vegabréf Ísafoldar Jónsdóttur, útgefið 23. júlí 1937.

Meistarabréf Ísafolar Jónsdóttur í kvenhattagerð frá 1937, er í E-1, 30:2

Verkið Anno domini 1883, er í E-1, 30:2

Örk 3

Kvæðakverið *Bergmál* eftir Magnús Gíslason, áritað af höfundi til Ísafoldar, án árs.

Vísa eftir Bjarna M. Gíslason.

Árnessýsla, kvæði.

Auglýsing frá Hattaversluninni, Austurstræti 14.

Frímerki frá Árbæjarsafni.

Grafskrift Sigríðar Bjarnadóttur, 1859.

Örk 4

Punch, vísur og myndir, án árs.

Blað úr bók, myndir af merkum íslendingum, án árs.

The Madeira House Co. Ltd., auglýsing handavinnuverslunar og götukort.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur, dagskrá og matseðill á afmælishátíð, 25. janúar 1947.

Takið undir, vísur og nótur, án árs.

Guitarspillerens Første Sange, vísur og nótur, merkt Ísafold Jónsdóttur.

Sýningaskrár:

Þjóðleikhúsið; Hátíðarsýning til heiðurs Finnlandsforseta og frú 1957, ásamt boðskorti.

Leikfélag Reykjavíkur 1927-1947.

Ýmsar tónleikaskrár og nótur 1928-1961: meðal annars óperettan *Í álögum* 1944 og óperurnar *Rigoletto* (Verdi) og *La Bohème* (Puccini).

Skrár Tónlistarfélagsins, Músíklúbbsins o.fl.

Tímarit Tónlistarfélagsins.

Ýmsar málverka- og listsýningar 1930-1981.

Dagskrár - aðgöngumiðar að skemmtunum 1945-1947.

Listaverk, teikning og málað með ártalinu 1983, með uppahafsstöfunum JDG.

Skráð: Guðjón Indriðason